

## 180 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 6. mars kl. 09:30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Jósef Kjartansson, Júníana Óttarsdóttir, Sigurbjörg Ottesen. Jakob B. Jakobsson sat fundinn á Teams. Ingibjörg Steinudóttir mætti í forföllum Eyjólfss I. Bjarnasonar. Sigurður Guðmundsson boðaði forföll.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09:30

### 1. Fundargerð frá 179 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 179 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Aðalfundur SSV

Lögð fram dagskrá fyrir aðalfund SSV sem fer fram á Hótel Hamri miðvikudaginn 20 mars. Einnig var farið yfir dagskrá dagsins í heild, en þennan dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Simenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

### 3. Skipan kjörstjórnar

Á aðalfundi SSV 2024 verður kosin stjórn til næstu tveggja ára. Stjórn samþykkti að skipa eftirtalda aðila í kjörstjórn; Kristinn Jónasson, Lindu B. Pálsdóttur og Ragnar Sæmundsson.

### 4. Ársreikningur SSV 2023

Á fundinn mætti Sigríður H. Sveinsdóttir endurskoðandi hjá KPMG og kynnti drög að ársreikningi fyrir SSV. Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til afgreiðslu aðalfundar.

### 5. Skipan fulltrúa í stjórnir

Stjórn SSV hefur borist erindi frá Minjaráði þar sem óskað er eftir að skipaður verði fulltrúi í stjórn Minjaráðs Vesturlands. Stjórn samþykkti að skipa Sigurstein Sigurðsson menningarfulltrúa SSV í ráðið. Auk þess samþykkti stjórn að tilnefna Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttir sem aðalfulltrúa í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

### 6. Varðveislusetur á Vesturlandi

Á fundinn mætti Sigursteinn Sigurðsson menningarfulltrúi og lagði fram greinargerð um varðveislusetur á Vesturlandi. Búið er að vinna drög að þarfagreiningu fyrir varðveislusetur, en eftir er að kanna frekar hug sveitarfélaga til verkefnisins og vinna forsendugreiningu. Sigursteini var falið að vinna áfram að málinu.

## **7. Umsóknir frá SSV í C1 í byggðaáætlun**

SSV sendi tvær umsóknir í aðgerðapottinn C1 undir byggðaáætlun. Umsókn um uppbyggingu íbúa- og gestastofu á Breiðabliki fékk 10.000.000 styrk, en verkefnið „Veldu Vesturland“ fékk ekki brautargengi.

## **8. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2024**

Lögð fram kynning á áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2024, en umræða var um verkefni á 179 fundi stjórnar sem og á fundi samráðsvettvangs Vesturlands sem fór fram 24. janúar s.l.. Verkefni hafa verið send til Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál til staðfestingar

## **9. Samningur um áfangastaðastofu**

Framlagður samningur við Ferðamálastofu um starfsemi Áfangastaðastofu Vesturlands. Samningurinn er til 1 árs og stuðningur ríkisins til Áfangastaðastofu Vesturlands sá sami og undanfarin 3 ár eða kr.22.000.000.- Í tengslum við nýja ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun verður samningurinn tekur til gagngerar endurskoðunar á árinu. Einnig voru kynnt drög að samningi Íslandsstofu við Markaðsstofu Vesturlands um stuðning við markaðsetningu á Vesturlandi. Ljóst er að framlag Íslandsstofu mun lækka um tæplega helming og lýsir stjórn SSV yfir vonbrigðum sínum með lækkunina og óttast áhrif hennar á markaðssetningu ferðamannastaða á landsbyggðinni.

## **10. Íbúafundir um Breiðafjarðarverkefnið**

Kynning á fyrirhuguðum íbúafundum um Breiðafjarðarverkefnið, en verkefnið snýst um að skapa jafnvægi á milli verndar og nýtingar auðlinda við fjörðinn. Tveir fundir munu fara fram á Vesturlandi, annars vegar í Stykkishólmi 11 mars og á Laugum í Sælingsdal 18 mars.

## **11. Samgöngumál**

SSV hefur skilað inn umsögn um aðgerðaráætlun samgönguáætlunar 2024-2029. Stjórn hefur þungar áhyggjur af stöðu vegamála á Vesturlandi og samþykkir að fela framkvæmdastjóra að óski eftir fundi með þingmönnum NV-kjördæmis, vegamálastjóra og innviðaráðherra.

## **12. Framlögð mál**

Formaður kynnti fyrirhugaðan Farsældardag á Vesturlandi sem mun fara fram 4 apríl n.k.